

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar  
Forseti bæjarstjórnar  
Margrét Gauja Magnúsdóttir  
Ráðhús Hafnarfjarðar  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfjörður

Egilsstaðir, 17. október 2013  
Ábyrgðarbréf.

**Ítrekun bréfs frá 18. september 2013.**

Undirritaður gætir hagsmuna Sólvalla ses. og þeirra sem að þeirri stofnun standa. Að beiðni umbj. míns sendist hér með ítrekun vegna bréfs frá 18. september 2013 og ljósrit af því bréfi. Óskað var svars fyrir 10. október sl.

Ekkert svar hefur borist og ekki fæst séð af fundargerðum að málíð hafi verið tekið fyrir.

Er því óhjákvæmilegt að kalla eftir viðbrögðum frá bæjarstjórn vegna málsins og er það gert hér með. Fáist engin viðbrögð innan tveggja vikna frá dagsetningu þessa bréfs er annað óhjákvæmilegt en að leita frekari úrræða, bæði hvað varðar kröfu umbj. míns um greiðslu og kröfu um upplýsingar.



Virðingarfyllst,

Hilmar Gunnlaugsson hrl.

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	21.10.2013
Málsnr.:	1210332
Bréfsl:	406

Hjálagt:  
Bréf dags. 18. september 2013 ásamt yfirliti yfir meðfylgjandi gögn.

Hafnarfjarðarbær  
b.t. Guðrúnar Ágústu Guðmundsdóttur bæjarstjóra  
Ráðhúsi Hafnarfjarðar  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfirði.

Egilsstaðir, 18. september 2013  
Ábyrgðarbréf.

### HJÚKRUNARHEIMILI Í HAFNARFIRÐI.

Vísað er til fyrri samskipta.

Undirritaður hefur gætt hagsmuna Sólvalla ses. og þeirra sem að þeirri stofnun standa. Þessir aðilar hafa sumir hverjir unnið náið með Hafnarfjarðarbæ um málefni nýs hjúkrunarheimilis, ekki síst að þróun og útfaerslu nýrrar hugmyndafræði (sjá Sílkistefnan – íslensk öldrunarstefna – 2010). Lykilmaður hefur verið Helgi Númason, en aðrir hafa einnig lagt gríðarmikla vinnu í verkefnið. Rétt er í upphafi að fara yfir feril málsins.

Tímalínan:

- 2005 Samstarfshópurinn Hnjúkapeyr ritar Fjölskylduráði Hafnarfjarðar bréf dags. 10. desember og óskar eftir fundi með ráðinu. Tilefni: Málefni aldraðra í Hafnarfirði. Undir bréfið rita Sigþrúður Ingimundardóttir og Helgi Númason.
- 2006 Starfshópur samdi yfirgrípsmikla skýrslu um málefni aldraðra í Hafnarfirði. Jón Kristjánsson þáverandi heilbrigðisráðherra skipaði nefnd um uppbyggingu heildraðunnar öldrunarþjónustu í Hafnarfirði undir formennsku Vilborgar Ingólfssóttur sem þá var skrifstofustjóri öldrunarmála í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Með sérstökum fréttamannafundi kynnti ráðherrann og eins formaður nefndarinnar Hafnfirðingum og öðrum landsmönnum niðurstöður þessarar vinnu. Þessi niðurstaða tók mið af markmiðum laga um málefni aldraðra og íslenskrar heilbrigðisáætlunar til ársins 2010. Þetta átti með öðrum orðum að ganga eftir árin 2006 til ársins 2010. Niðurstaða nefndarinnar vegna þessarar vinnu var í fimm liðum:
- \* Aðgerðir vegna fækknar rýma á Sólvangi.
  - \* Uppbygging þjónustu til að styðja sjálftæða búsetu aldraðra
  - \* Sérhæfð sjúkrahúsþjónustu og stofnanapjónustu fyrir aldraða. Með þessu var ráðgert að St. Jósefsspítala yrði falið að stofna öldrunarlækningadeild byggða á þverfaglegri teymisvinnu með sérhæfðu starfsfólkí á svíði öldrunar. Þessi deild skyldi sinna greiningu, mati, endurhæfingu og ráðgjöf. Eins var þar ráðgerð líknardeild, eins deild fyrir Alzheimersjúka og aðra minnissjúka. Loks var ráðgert að í tengslum við St. Jósefsspítala yrði skilgreint rými ætlað fyrir aldraða sem hafa verið til meðferðar á sjúkrahúsi og þurfa að jafna sig áður en þeir eru færir um að snúa heim til sín.
  - \* Miðstöð öldrunarþjónustu í Hafnarfirði Þar er horft til Sólvangs sem geti sem best nýst í því skyni.
  - \* Undirbúningur að byggingu nýs hjúkrunarheimilis samkvæmt nýrri hugmyndafræði.

Á grundvelli þessarar niðurstöðu hófst vinna hóps er tengdist Sólvangi, þ.e. fyrrnefnd Sigþróður sem hafði starfað lengi sem hjúkrunarforstjóri Sólvangs, Erna Fríða Berg forstjóri Sólvangs, en hún varð stjórnarformaður Sólvalla þegar þeir voru stofnaðir auk þess sem hún var í stjórn eldri borgara í Hafnarfirði, sem voru stofnaðilar Sólvalla og Helgi Númason sem hafði verið endurskoðandi Sólvangs til fjölda ára. Þarna var bæði þekking á faglega þættinum og hinum rekstrarlega. Þessi hópur fór svo að tala við Alark arkitekti í því sjónarmiði að setja saman hugmyndafræði þar sem bygging utan um hugmyndafræðina væri grunnúrinn. Þannig varð Silkestefnan að veruleika. Eina íslenska hugmyndafræðin á þessu sviði sem komin er formlega á blað eftir upplýsingum umþ. míns. Öll þessi vinna þróast frá þessum kynningarfundum til og með forvals.

2007

**23. maí.** Úr fundargerð Fjölskyldurráðs Hafnarfjarðarbæjar, 113. fundar:

**8. 0702055 – Hjúkrunarheimili á Völlum.**

Til fundarins mætir Páll Tómasson, arkitekt, og gerði grein fyrir stöðu skipulagsmála er varða fyrirhugað hjúkrunarheimili á Völlum og næsta nágrenni.

Lögð fram eftirfarandi umsögn fjölskyldurráðs vegna skipulagsskilmála að Völlum 7: Fjölskylduráð hefur fjallað um drög að greinargerð og skipulagsskilmálum vegna Valla 7, dagsett 20.05.2007. Ráðið fagnar þeim metnaði sem lýsir sér í staðsetningu og stærð lóðar undir hjúkrunarheimili á Völlum 7, en vill gera nokkrar athugasemdir sem beinast einkum að þrennu:

- Lögð er áhersla á, eins og áður hefur komið fram, að stærð og staðsetning bygginga á hjúkrunarheimilislóð verði ekki um of njörvuð niður, að öðru leyti en því að það sé áskilið að allar byggingar á lóðinni verði á einni hæð, fortakslaust. Að öðrum kosti mun nýtt hjúkrunarheimili ekki falla að þeim kröfum sem eru skilgreindar í nefnd heilbrigðisráðherra um heildræna uppbyggingu öldrunarþjónustu í Hafnarfirði og samkomulagi ráðherra og bæjarins þar að lútandi.
- Fjölskylduráð beinir því til skipulagshófunda og SBH, að gert sé ráð fyrir því að neðsta röð raðhúsa í neðstu línu, sem liggar næst hjúkrunarheimilislóð, verði lítið raðhús á einni hæð sem henti vel eldri borgurum. Taka þarf tillit til aðstæðna í landi í þessu sambandi og hæðarmunar, þannig að e.t.v. hentar ekki nema hluti neðstu raðhúsagötunnar í þessu skyni. Þá er bent á, að kannaðir verði möguleikar á sambærilegum húsum í götunni ofan leikskólaþóðar, enda sé lega þeirra í landi hentug.
- Í þróðja lagi mælir ráðið eindregið með því að á fjölbýlishúsareit sem stendur næst hjúkrunarheimili, þar sem hús F2, F3 og F11 eru merkt, verði gert ráð fyrir þjónustu- og öryggisibúðum fyrir eldri borgara.

Fjölskylduráð beinir því til hlutaðeigandi, að tekið verði tillit til þessara ábendinga og athugasemda í deliskipulagsskilmálum, áður en þeir fara til frekari umfjöllunar.

**9. 0705196 – Sólvangur**

Samskipti Hafnarfjarðarbæjar og ríkisins varðandi Sólvang á umliðnum árum. Lagt fram minnisblað.

Fjölskylduráð samþykkir að óska eftir að fjármálastjóri, í samráði við endurskoðendur bæjarins, geri yfirlit um samskipti Hafnarfjarðarbæjar og ríkisins, varðandi eignarhald og rekstur Sólvangs á umliðnum árum. Niðurstaða þessarar athugunar verði lögð fram við undirbúnung samningagerðar Hafnarfjurðurbæjur og ríkisins vegna nýs hjúkrunarheimilis á Völlum.

2007

**31. júlí.**

[www.sokn.is](http://www.sokn.is)

Guðbjörn Ólafsson, verkefnistjóri og Helgi Númason, löggiltur endurskoðandi skila af sér „samantekt um samskipti Hafnarfjarðarbæjar og ríkisins varðandi eignarhald og rekstur Sólvangs“. Þar kemur m.a. fram að Sólvangur hafi alfarið verið byggður af Hafnarfjarðarbæ. Hafnarfjarðarbær og ríkið hafa bæði rekið Sólvang frá því hann tók til starfa 1953, til skiptis.

**12. nóvember.**

Lúðvík Geirsson bæjarstjóri sendir Fjármálaráðuneytinu bréf þar sem farið er fram á viðræður um kaup ríkisins á eignarluta Hafnarfjarðarbæjar sem þá var til staðar umfram þann 15% eignarlut sveitarfélagsins sem lög kváðu á um.

2010

**3. maí.**

Skrifað undir samning um byggingu 60 rýma hjúkrunarheimilis á Völlunum í Hafnarfirði af Árna Páli Árnasyni félags- og tryggingarmálaráðherra og Lúðvíki Geirssyni bæjarstjóra.

**12. júlí**

Forvalsferli vegna hjúkrunarheimilis á Völlum 7, Hafnarfirði, auglýst á Evrópska efnahagssvæðinu. Í útboðsgögnun segir m.a. í 1. lið: *Fyrir þátttöku í útboði í framhaldi af forvali þessu mun hver bjóðandi um sig fá greiddar kr. 1.255.000 kr. svo fremi viðkomandi skili inn fullgildu tilboði.* Skilafrestur var til 24. ágúst, en hann var síðar framlengdur fram í september.

**25. ágúst.**

Sótt um skráningu og úthlutun á kennitölu fyrir Sóvelli, sjálfseignarstofnun, samkvæmt skilyrðislausri kröfu Hafnarfjarðarbæjar. Samkvæmt skipulagsskrá, sem staðfest var 19. ágúst 2010, er eina markmið stofnunarinnar að reisa og reka hjúkrunarheimilið að Rósavöllum 1 í Hafnarfirði.

**31. ágúst.**

Sótt um skráningu og úthlutun á kennitölu fyrir Umönnun ses.

**24. september.**

Hafnarfjarðarbær tilkynnir Sólvöllum ses. að tilboð stofnunarinnar uppfylli kröfur forvalsgagna.

**27. október.**

Fundur haldinn af Hafnarfjarðarbæ með fulltrúum Sólvalla ses. og Umönnunar ses. Hér kom fyrst í ljós að eingöngu þessir tveir aðilar höfðu verið metnir hæfir í forvalinu. Jafnframt kom fram að Umönnun ses. hafði tengsl við aðalráðgjafa Hafnarfjarðarbæjar. Upplýst að útboðsgögn væru nánast tilbúin (sagt að þau væru 95% tilbúin og að engin verkfræðipáttur væri eftir). Sjá nánar minnispunkta Hilmars Gunnlaugssonar hrl. af fundinum.

**23. nóvember.**

Sóvelir ses. leggja fram kæru til kærunefndar útboðsmála vegna þeirrar ákvörðunar Hafnarfjarðarbæjar að meta Umönnun ses. sem hæfan aðila í útboði um hjúkrunarheimili á Völlum 7.

2011

**14. febrúar.**

Kærunefnd útboðsmála fellst á kröfu Sólvalla ses. og fellir út gildi þá ákvörðun Hafnarfjarðarbæjar að telja tilboð Umönnunar ses. fullnægjandi í forvalinu „Hjúkrunarheimili á Völlum 7“. Jafnframt úrskurðar nefndin að Hafnarfjarðarbær skuli greiða Sólvöllum ses. kr. 350.000 vegna kostnaðar við að hafa kæruna uppi. Hún er ógreidd enn í dag.

**16. mars.**

2012

Lögmaður Sólvalla ses. sendi Hafnarfjarðarbæ bréf þar sem óskað var eftir fundi þar sem farið yrði yfir mál Í ljósi þess að einungis Sólvellir ses. væru hæfur aðili eftir forvalið.

**10. október.**

Lögmaður Sólvalla ses. sendi Hafnarfjarðarbæ bréf þar sem farið var yfir feril málsins og sett fram krafa um viðræður um framhald málsins.

**19. október.**

Bréf sent til Sóknar lögmannsstofu þar sem tilkynnt er að málnu hafi verið vísað til bæjarstjóra.

**29. október.**

Bréf frá bæjarlögmanni þar sem tilkynnt var að fallið hafi verið frá forvalsferli sem hófst með fundi starfshóps 9. febrúar 2010. Beiðni um viðræður ekki svarað, en mögulegum kröfum hafnað.

2013

**11. febrúar.**

Stjórnarfundur félags eldri borgara í Hafnarfirði (FEBH) samþykkir samhljóða ályktun þar sem hart er deilt á bæjaryfirvöld fyrir framgang sinn í þessu mikilvæga máli.

**21. febrúar.**

Bæjarráð Hafnarfjarðar samþykkir tillögu starfshóps um byggingu hjúkrunarheimilis á Völlum. Í fréttatilkynningu sveitarfélagsins segir m.a.: „Hort verði m.a. til samnings um byggingu og þátttöku í leigu hjúkrunarheimilis fyrir aldraða í Hafnarfjarðarkaupstað sem undirritaður var 3. maí 2010.“

**24. apríl.**

Viljayfirlýsing um uppbyggingu heildrænnar þjónustu við aldraða undirrituð af Guðrún Ágústu Guðmundsdóttur bæjarstjóra og Guðbjarti Hannessyni velferðaráðherra. Í yfirlýsingunni er m.a. haft eftir bæjarstjóranum: *Hafnarfjörður hefur verið leiðandi í stefnumörkun á þessu svíði og sýnt mikilvægt frumkvæði að því að þróa þjónustu við aldraða í nánu samstarfi við velferðarráðuneytið. Með þessari viljayfirlýsingu undirstrikum við mikilvægi þess að því góða samstarfi verði haldið áfram og byggt verði á þeiri vinnu sem hófst árið 2006 og stefna Hafnarfjarðarbæjar um þróun heildrænnar þjónustu við aldraða byggir á.*

Eins og fram kemur hér að framan hefur Hafnarfjarðarbær alfarið hafnað beiðnum um fundi til að ræða framhald málsins og ekki ljáð mál á greiðslu skaðabóta vegna tjóns umbj. míns. Þannig háttar að á þeim 8 árum sem mál Í hefur verið í vinnslu hefur Helgi Númason komið fram fyrir hönd hóps áhugafólks um málefnið, undir merkjum þriggja lögaðila. Samfella hefur verið í þessu starfi og hefur hver lögaðili fengið notið allrar undanfarandi vinnu. Þannig var undanfarandi kostnaður við þróun hugmynda og útfærslu, teikningar o.m.fl. lagður inn í Sólvelli ses. sem framlag þeirra aðila sem að því félagi standa, þegar það var stofnað á sínum tíma að kröfum Hafnarfjarðarbæjar.

Gríðarlega mikil vinna hefur farið í þessi mál hjá mörgum aðilum. Þá hefur töluverður kostnaður fallið til. Telst umbj. mínum svo til, að kostnaður nemí að minnsta kosti kr. 12.738.361 auk vaxta. Þetta er rakið hér í því skyni að svcitarfélagið átti sig á þeim mikla kostnaði sem lagt hefur verið út í. Eftir stendur að umbj. minn og þeir aðilar sem að honum standa telja sig eiga rétt á efndabótum úr hendi sveitarfélagsins.

Krafan sundurliðast svo:

1. Stofnfé sjálfskeinarstofnunarinnar	kr.	1.000.000
2. Vinna starfshóps um hugmyndafræði 451 klst. @ 7.000	kr.	3.157.000
3. Vinna endurskoðanda 27 klst. @ 11.800 + vsk	kr.	399.843

4. Úttagður kostnaður vegna vinnu arkitekta	kr.	6.512.661
5. Tildæmdur málskostnaður m.v. 14. feb. 2011	kr.	350.000
6. Loforð um í útboðsgögnum um greiðslu á tiltekinni fjárhæð	kr.	1.255.000
7. Dráttarvextir til 19. september 2013	kr.	2.299.212
<b>Samtals</b>	<b>kr.</b>	<b>15.037.573</b>

Gerð er krafa um greiðslu ofangreindrar fjárhæðar inn á fjárvörslureikning Sóknar lögmannsstofu ehf. nr. 0175-26-379000, kt. 700910-0240. Umbj. minn mun líta á greiðsluna sem innborgun á kröfu vegna efnabóta, en sveitarfélagið getur að sjálfsgögu tilkynnt samhliða greiðslunni hvernig það lítur á hana.

Skal hér vikið nánar að hverjum lið kröfunnar.

1. Stofnfé sjálfseignarstofnunarinnar.

Samkvæmt skilmálum forvalsins skyldi stofna sjálfseignarstofnun með 1 milljón króna eigið fé. Samkvæmt upplýsingum frá umbj. mínum var þessi fjárhæð lögð inn á bundna bók sem hefur borið hefur vexti frá upphafi og því stóð innegnin í kr. 1.063.857 þann 12. mars sl. Vísað er til 1. liðar í útboðsgögnum, en þar var óskað eftir umsóknum frá „sjálfseignarstofnunar eða félags með staðfesta skipulagsskrá“. Samkvæmt lögum 33/1999 skal stofnfé sílkrar stofnunar vera minnst kr. 1 milljón, sbr. 10. gr. Gerð er krafa um greiðslu á pessari milljón aur dráttarvaxta frá 27. október 2010 þegar í ljós kom að Hafnarfjarðarbær hafði brotið lög og metið Umönnun ses. sem hæfan aðila.

2. Vinna starfshóps um hugmyndafræði.

Á árunum 2007 til 2010 vann sá hópur er stendur að Sólvolllum ses. umtalsverða vinnu vegna hugmyndafræði þá sem Sólvellir ses. byggðu tilboð sitt á. Starfshópurinn gekk undir heitinu Hnjúkaþeyr og þá var heimilið kallað Álfavellir. Það voru einkum Helgi Númason og Sigþrúður Ingimundardóttir sem unnu hugmyndavinnuna (yfir 420 klst. af þessum 451 klst.) en aðrir sem komu að þeirri vinnu voru Erna Fríða Berg, stjórnarformaður, Jón Kr. Óskarsson formaður félags eldri borgara í Hafnarfirði, Unnar Hjaltason hjá VHE og Práinn Hauksson landslagsarkitekt.

Að mati umbj. míns er augljóst að uppsetning vandaðrar hugmyndafræði var liður í eðlilegum kostnaði vegna útboðsins, enda var það svo samkvæmt lið 6 í forvalsgögnum að við mat á hæfni umsækjenda og samstarfsaðila þeirra skyldi hugmyndafræðin sjálf vega 30%, reynsla og þekking 20%, fjárhagsleg staða 30% og stjórnun 20%. Mátti Hafnarfjarðarbær því búast við því að þáttakendur myndu leggja í tölverða vinnu við að tryggja vandaða hugmyndafræði, reynslu og þekkingu lykilfólks og stjórnunargetu þeirra. Allt tengist þetta þessum þætti.

Gerð er krafa um dráttarvexti frá 27. október 2010 þegar í ljós kom að Hafnarfjarðarbær hafði brotið lög og metið Umönnun ses. sem hæfan aðila.

3. Vinna endurskoðanda, 27. klst.

Eins og að framan er rakið kom Helgi Númason að því sem löggiltur endurskoðandi að vinna fyrir Hafnarfjarðarbæ að samantekt um samspil ríkisins og sveitarfélagsins vegna Sólvangs. Aldrei hefur verið greitt fyrir þá vinnu. Er hér sett fram sanngjörn krafa um hana. Ekki er krafist dráttarvaxta að svo stöddu vegna þessa liðar.

4. Úttagður kostnaður vegna vinnu arkitekta.

Eins og sést af framanrituðu og fylgiskjöldum er viðbúið að mikill tími hafi farið í verkefnið af hálfu þeirra aðila sem standa að Sólvolllum ses. og einungis líttill hluti hans settur hér fram sem töluleg krafa. Hins vegar var lagt út vegna vinnu arkitekta, sbr. meðfylgjandi reikninga frá tímabilinu 2007 til 2008 vegna samvinnu við sveitarfélagið sem endaði með því útboðsferli sem sveitarfélagið hefur nú

hætt við (en byrjað sambærilegt ferli). Þessi vinna nýttist að fullu í forvalsvinnunni. Er því krafist endurgreiðslu á þessum fjárhæðum. Krafist er dráttarvaxta frá 27. október 2010 sbr. hér áður.

5. Tildæmdur málskostnaður.

Með vísan til úrskurðar kærunefndar útboðsmála eiga Sóvellir ses. skýra kröfu um málskostnað að fjárhæð kr. 350.000 auð dráttarvaxta frá 14. febrúar 2011 af þeiri fjárhæð.

6. Loforð um greiðslu í útboðsgögnum.

Í lokalið 1. töluliðs forvalsgagna segir: *Fyrir þátttöku í útboði í framhaldi af forvali þessu mun hver bjóðandi um sig fá greiddar kr. 1.255.000 (virðisaukaskattur innifalinn), svo fremi viðkomandi skili inn fullgildu tilboði.*


Í þessari yfirlýsingu felst ótvíræð skuldbinding. Það að ekki var óskað eftir tilboði þegar Sóvellir ses. stóðu eftir sem eini hæfi aðilinn er alfarið á ábyrgð sveitarfélagsins. Ber að líta svo á, að greiðsluskylda hafi stofnast í síðasta lagi þegar sveitarfélagið braut lög og mat Umönnun ses. sem hæfan aðila, eða þann 27. október 2010.

Í bréfi undirritaðs frá 10. október 2012 er vikið að kröfu umbj. míns um efndabætur. Af hálfu Hafnarfjarðarkaupstaðar er þeiri kröfu hafnað í bréfi dagsettu 29. október 2012. Umbj. minn áskilur sér allan rétt í þessum efnum. Nú liggur fyrir að í ágúst mánuði s.l. voru tilboð opnuð vegna hjúkrunarheimilis í Hafnarfirði af sömu stærð og fyrra tilboð hljóðaði upp á. Liggur því fyrir að mati umbj. míns að ákvörðun um að hættu við fyrra útboðsferli án þess að láta á það reyna hvort samningar næðust, var tekin í þeim tilgangi að komast hjá því að semja við umbj. minn, hver sem ástæða þess var.

Umbj. minn fer fram á að fá eftirfarandi upplýsingar, til að geta greint hvert tjón hans og samstarfs-aðila hans er:

1. kostnaðaráætlun þá sem unnin var samhliða gerð útboðsgagna haustið 2010.
2. kostnaðaráætlun þá sem unnin var samhliða gerð útboðsgagna sumarið 2013.
3. útboðsgögn vegna byggingar nýs hjúkrunarheimilis í Hafnarfirði sumarið 2013.
4. Tilboð sem bárust í hönnun og ráðgjöf fyrir hjúkrunarheimili í Skarðshlíð sem auglýst var þann 31. maí s.l. og sem opna átti 9. ágúst s.l.

Óskað er svars fyrir 10. október n.k.



Hilmar Gunnlaugsson hrл.

Fylgiskjal með bréfi til Hafnarfjarðarbæjar dagsett 19. september 2013.

YFIRLIT YFIR MEÐFYLGJANDI GÖGN:

1. Bréf Sigþrúðar Ingimundardóttur og Helga Númasonar dags. 10. desember 2005
2. Kynning á hugmyndafræði um heildraeña öldrunarþjónustu í Hafnarfirði – mars 2007, 41 bls.
3. Fundargerð fjölskylduráðs Hafnarfjarðarbæjar, dags. 23. maí 2007, 2 bls.
4. Bréf Guðbjarnar Ólafssonar og Helga Númasonar til fjölskylduráðs Hafnarfjarðarbæjar dags. 31. júlí 2007, ásamt „Samantekt um samskipti Hafnarfjarðarbæjar og ríkisins varðandi eignarhald og rekstur Sólvangs“, alls 10 bls.
5. Reikningar frá Alark vegna vinnu við hugmyndafræði um heildraeña öldrunarþjónustu í Hafnarfirði, dagsettir 15.02.2007, 07.03.2007, 12.04.2007 og 03.10.2008 ásamt reikningsyfirliti er sýnir innborganir, alls 5 bls.
6. Fréttatilkyningar vegna hjúkrunarheimilis í Vállarhverfi í Hafnarfirði, dags. 3. maí 2010, 2 bls.
7. Silkistefnan – íslensk öldrunarstefna, ágúst 2010, alls 16 bls.
8. Yfirlit yfir tímaskráningu vegna vinnu við hugmyndafræði þá sem Sólvellir ses. notuðu.
9. Yfirlýsing endurskoðanda vegna stofnfjárár í Sólvelli ses., dags. 17. ágúst 2010.
10. Bréf Hafnarfjarðar um að Sólvellir ses. hafi verið metinn sem hæfur aðili, dags. 24. september 2010.
11. Minnisblað Hilmars Gunnlaugssonar hrl. af fundi Sólvalla ses., Umönnunar ses. og Hafnarfjarðarbæjar, dags. 27. október 2010, 2 bls.
12. Kæra Sólvalla ses. til kærunefndar útboðsmála, dags. 23. nóvember 2010, ásamt forvalsgögnum Hafnarfjarðarbæjar, alls 8 bls.
13. Úrskurður kærunefndar útboðsmála, dags. 14. febrúar 2011, 8 bls.
14. Bréf lögmanns Sólvalla ses. til Hafnarfjarðarbæjar, dags. 16. mars 2011.
15. Bréf Hafnarfjarðar til ríkisskattstjóra dags. 5. september 2012.
16. Bréf lögmanns Sólvalla ses. til Hafnarfjarðarbæjar, dags. 10. október 2012, 2 bls..
17. Bréf Hafnarfjarðar til Sóknar lögmannsstofu, dags. 19. október 2012.
18. Bréf Hafnarfjarðar til Sóknar lögmannsstofu, dags. 29. október 2012, 2 bls.
19. Ályktun stjórnar félags eldri borgara í Hafnarfirði, dags. 11. febrúar 2013.
20. Greinargerð með ályktun stjórnar félags eldri borgara, 3 bls.
21. Frétt af heimasiðu Hafnarfjarðar um byggingu hjúkrunarheimilis á Völlum, dags. 22. feb. 2013.
22. Frétt af síðunni gaflari.is frá 25. febrúar 2013.
23. Staðfesting á stöðu stofnfjárár Sólvalla ses., dags. 12. mars 2013.
24. Frétt af heimasiðu Hafnarfjarðar um vilja ríkis og sveitarfélags um uppbyggingu heildraennar þjónustu við aldraða, dags. 24. apríl 2013.